

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1111****2022/EES/20/12****frá 22. júní 2017****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklag og eyðublöð fyrir
framlagningu upplýsinga um viðurlög og ráðstafanir í samræmi við tilskipun
Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 71. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Rétt þykir að kveða á um almennar verklagsreglur og eyðublöð fyrir framlagningu lögbærra yfirvalda á upplýsingum hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um viðurlög og ráðstafanir sem um getur í 71. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.
- 2) Til að auðvelda samskipti milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og til að komast hjá óþarfa töfum eða mistökum við framlagningu gagna ætti hvert lögbært yfirvald að tilnefna tengilið sérstaklega til að eiga samskipti um viðurlög og ráðstafanir.
- 3) Til að tryggja að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilgreini og skrái á réttan hátt allar tilskildar upplýsingar um viðurlög og ráðstafanir sem lögbær yfirvöld hafa beitt ættu þau að veita nákvæmar og samræmdar upplýsingar með því að nota sérstök eyðublöð í þeim tilgangi.
- 4) Til að mikilvægar upplýsingar séu í ársskýrslunni um viðurlög og ráðstafanir sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin á að birta opinberlega í samræmi við 71. gr. tilskipunar 2014/65/ESB ættu lögbær yfirvöld að veita upplýsingarnar með því að nota sérstök eyðublöð þar sem skýrt er tekið fram hvaða ákvæði tilskipunar 2014/65/ESB, eins og þau hafa verið tekin upp í landslöggerð, voru brotin.
- 5) Til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaða er nauðsynlegt að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd innlend ákvæði sem leiða í lög tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á né greint hugsanlegan kostnað og ávinning sem tengist því að innleiða stöðluðu eyðublöðin og verklagið fyrir viðkomandi lögbær yfirvöld, þar sem það væri ekki í samræmi við umfang og áhrif þeirra, að teknu tilliti til þess að viðtakendur tæknilegu framkvæmdarstaðlanna væru eingöngu lögbær landsyfirvöld í aðildarríkjunum en ekki markaðsaðilar.
- 8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur leitað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽²⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 162, 23.6.2017, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tengiliðir

1. Hvert lögbært yfirvald skal tilnefna einn tengilið til að senda orðsendingar um hvers konar mál er tengjast framlagningu upplýsinga í samræmi við 2.–6. gr.

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þá tengiliði sem tilnefndir eru í samræmi við fyrstu undirgrein.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tilnefna einn tengilið til að taka við þeim orðsendingum sem um getur í 1. mgr.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta upplýsingar um tengiliðinn sem um getur í 2. mgr. á vefsetri sínu.

2. gr.

Verklag og eyðublöð til upplýsingagjafar

1. Lögbær yfirvöld skulu senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þær upplýsingar sem um getur í annari undirgrein 3. mgr. 71. gr. og 5. mgr. 71. gr. tilskipunar 2014/65/ESB með því að nota viðmót þess upplýsingatæknikerfis sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur komið á til að halda utan um móttöku, geymslu, opinbera birtingu og miðlun þeirra upplýsinga.

2. Þær upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu lagðar fram hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni með skýrslu á því sniði sem sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Ógilding og uppfærsla skýrslna

1. Vilji lögbært yfirvald ógilda skýrslu sem það hefur þegar lagt fram hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við 2. gr. skal það fella fyrirliggjandi skýrslu úr gildi og senda nýja.

2. Vilji lögbært yfirvald uppfæra skýrslu sem það hefur þegar lagt fram hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við 2. gr. skal það leggja skýrsluna fram aftur með uppfærðum upplýsingum.

4. gr.

Tímamörk

1. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um stjórnsluviðurlög sem lögð eru á en ekki birt opinberlega, þ.m.t. hverja áfrýjun í tengslum við þau og niðurstöðu hennar, með því að senda skýrsluna innan 10 virkra daga í síðasta lagi eftir að tekin er ákvörðun um að birta ekki viðurlögin opinberlega.

2. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um allar upplýsingar, þ.m.t. endanlega dóma, í tengslum við hvers konar refsiviðurlög með því að senda skýrsluna innan 10 virkra daga í síðasta lagi eftir að þeim berast þær upplýsingar.

*5. gr.***Árleg framlagning samantekinna upplýsinga um viðurlög og ráðstafanir**

Lögbær yfirvöld skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þær upplýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr. 71. gr. tilskipunar 2014/65/ESB með því að fylla út eyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka þessarar reglugerðar. Á það eyðublað skal færa upplýsingar um öll viðurlög og allar ráðstafanir sem lögbæra yfirvaldið beitti á næstliðnu almanaksári, eins og um getur í 71. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Eyðublaðið sem um getur í fyrstu undirgrein skal fyllt út rafrænt og sent Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni með tölvupósti í síðasta lagi 31. mars ár hvert.

*6. gr.***Árleg framlagning nafnlausra og samantekinna gagna um rannsóknir sakamála og refsiviðurlög**

Hafi aðildarríki, í samræmi við 70. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, mælt fyrir um refsiviðurlög við þeim brotum sem um getur í þeirri grein skulu lögbær yfirvöld láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í té þau gögn sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 71. gr. tilskipunar 2014/65/ESB með því að fylla út eyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð. Á það eyðublað skal færa gögn um allar rannsóknir sakamála sem lögbæra yfirvaldið hefur ráðist í og öll refsiviðurlög sem það hefur beitt vegna brota sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 71. gr. tilskipunar 2014/65/ESB á næstliðnu almanaksári.

Eyðublaðið sem um getur í fyrstu undirgrein skal fyllt út rafrænt og sent Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni með tölvupósti í síðasta lagi 31. mars ár hvert.

*7. gr.***Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Eyðublað til að leggja fram upplýsingar skv. annarri undirgrein 3. mgr. 71. gr. og 5. mgr. 71. gr. tilskipunar 2014/65/ESB

Upplýsingar skv. annarri undirgrein 3. mgr. 71. gr. og 5. mgr. 71. gr. tilskipunar 2014/65/ESB:

Reitur	Lýsing	Tegund
Auðkenni viðurlaga	Auðkenniskóði sem lögbært yfirvald úthlutar til að tilgreina viðurlög eða ráðstafanir	Valkvætt
Lagarammi	Upphafsstafaorð þeirrar lagagerðar Sambandsins sem viðurlögum eða ráðstöfun hefur verið beitt samkvæmt	Verður að fylla út
Aðildarríki	Upphafsstafaorð aðildarríkis lögbæra yfirvaldsins sem tilkynnir um viðurlögin eða ráðstafanirnar	Verður að fylla út
Auðkenni aðila	Auðkenniskóði sem notaður er til að auðkenna á einkvæman hátt þann aðila sem viðurlögum eða ráðstöfunum hefur verið beitt á	Skyldubundið (aðeins fyrir viðurlög eða ráðstafanir sem beitt er á verðbréfafyrirtæki)
Eðli viðurlaga	Upplýsingar um hvort viðurlögin sem tilkynnt eru séu refsiviðurlög eða stjórnsýsluviðurlög	Verður að fylla út (aðeins fyrir viðurlög)
Yfirvaldskóði	Auðkenni lögbærs yfirvalds sem tilkynnir um viðurlögin eða ráðstöfunina	Verður að fylla út
Lagarammi aðila	Upphafsstafaorð lagagerðar Sambandsins sem gildir um aðilann sem viðurlögum eða ráðstöfun hefur verið beitt á	Verður að fylla út
Fullt nafn aðila	Fullt nafn aðilans sem viðurlögum eða ráðstöfun hefur verið beitt á	Skyldubundið (eingöngu fyrir lögaðila)
Fullt nafn einstaklings	Fullt nafn einstaklinga sem viðurlögum eða ráðstöfun hefur verið beitt á	Skyldubundið (eingöngu fyrir einstaklinga)
Lögbært yfirvald sem beitt viðurlögum	Upphafsstafaorð lögbæra yfirvaldsins sem hefur beitt viðurlögum eða ráðstöfuninni	Verður að fylla út
Hvað felst í viðurlögum/ ráðstöfuninni	Texti viðurlaganna eða ráðstafananna og texti upplýsinga sem máli skipta og tengjast viðurlögum eða ráðstöfununum (að meðtöldum áfrýjunum í tengslum við þau, niðurstöðu þeirra og endanlegum dómum í tengslum við refsiviðurlög sem beitt hefur verið) — á megintungumálinu	Verður að fylla út
Hvað felst í viðurlögum/ ráðstöfununum	Texti viðurlaganna eða ráðstafananna og texti upplýsinga sem máli skipta og tengjast viðurlögum eða ráðstöfununum (að meðtöldum áfrýjunum í tengslum við þau, niðurstöðu þeirra og endanlegum dómum í tengslum við refsiviðurlög sem beitt hefur verið) — á öðru tungumáli	Valkvætt
Dagsetning	Dagsetningin þegar lögbæra yfirvaldið beitti viðurlögum eða ráðstöfununum	Verður að fylla út
Dagsetning loka gildistíma	Dagsetning þegar ráðstöfunin eða viðurlögin falla úr gildi	Valkvætt
Opinber	Upplýsingar um hvort lögbæra yfirvaldið hafi birt viðurlögin eða ráðstafanirnar opinberlega	Verður að fylla út

II. VIÐAUKI

Eyðublað til að leggja fram samanteknar upplýsingar um öll viðurlög og ráðstafanir sem lögbær yfirvöld hafa beitt

Samanteknar upplýsingar um öll viðurlög og ráðstafanir sem [heiti lögbærs yfirvalds] beitti árið [ár] skv. ...gr. ...

FRÁ:

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [færa skal inn viðkomandi nafn]

Í samræmi við fyrstu undirgrein 4. mgr. 71. gr. tilskipunar 2014/65/ESB veiti ég hér með samanteknar upplýsingar um öll viðurlög og ráðstafanir sem [heiti lögbærs yfirvalds] beitti árið [ár]:

Ákvæði tilskipunar 2014/65/ESB, sem innleidd hafa verið í landslög, eða ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽¹⁾ , sem brotið var gegn.	Fjöldi tilvika þar sem viðurlögum/ráðstöfunum var beitt á skýrslutímabilinu	Fjárhæð álagðra stjórnsýslusekta á skýrslutímabilinu
[númer greinar, málsgreinar, undirgreinar]	[fjöldi tilvika þar sem viðurlögum/ráðstöfunum var beitt]	[fjárhæð sekta ⁽¹⁾]
Viðurlög/ráðstafanir samtals	[heildarfjöldi tilvika þar sem viðurlögum/ráðstöfunum var beitt ⁽²⁾]	[heildarfjárhæð sekta ⁽¹⁾ ⁽²⁾]

⁽¹⁾ Tilgreina skal fjárhæð í evrum eða gjaldmiðli ríkis. Taki viðkomandi viðurlög ekki aðeins til brota sem varða viðkomandi grein tilskipunar 2014/65/ESB eða reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, heldur einnig annarra ákvæða, skal bæta við „SAMANLÖGÐ TALA“ við hverja fjárhæð.
⁽²⁾ Vegna þess að viðurlög/ráðstafanir sem beitt er geta grundvallast á fleiri en einu lagaákvæði er mögulegt að samtala hinna mismunandi lína (fjöldi viðurlaga eða ráðstafana/fjárhæð sekta) samsvari ekki heildarfjölda viðurlaga/ráðstafana eða heildarfjárhæð sekta sem beitt var.

Virðingarfyllt,

[undirskrift]

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

III. VIÐAUKI

Eyðublað til að leggja fram nafnlaus og samantekin gögn um allar rannsóknir sakamála sem ráðist var í og refsiviðurlög sem beitt var

Nafnlaus og samantekin gögn um allar rannsóknir sakamála sem ráðist var í og refsiviðurlög sem beitt var árið [ár] skv. ...gr. ...

FRÁ:

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

(Samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [færa skal inn viðkomandi nafn]

Í samræmi við aðra undirgrein 4. mgr. 71. gr. tilskipunar 2014/65/ESB veiti ég hér með nafnlausar og samanteknar upplýsingar um allar rannsóknir sakamála sem ráðist var í og refsiviðurlög sem beitt var á/í [aðildarríki] árið [ár].

Rannsóknir sakamála

Brot gegn ákvæðum tilskipunar 2014/65/ESB, sem innleidd hafa verið í landslög, eða reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 sem hafa verið rannsökuð.	Fjöldi sakamálarannsókna skýrslutímabilinu
[númer greinar, málsgreinar, undirgreinar]	[fjöldi sakamálarannsókna]
Heildarfjöldi sakamálarannsókna	[heildarfjöldi sakamálarannsókna ⁽¹⁾]

(1) Vegna þess að rannsóknir sakamála geta grundvallast á fleiri en einu lagaákvæði er mögulegt að samtala hinna mismunandi lína samsvari ekki heildarfjölda sakamálarannsókna.

Refsiviðurlög sem beitt var		
Ákvæði tilskipunar 2014/65/ESB, sem innleidd hafa verið í landslög, eða reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, sem brotið var gegn.	Fjöldi tilvika þar sem refsiviðurlögum var beitt á skýrslutímabilinu	Fjárhæð álagðra fésekta á skýrslutímabilinu
[númer greinar, málsgreinar, undirgreinar]	[fjöldi tilvika þar sem refsiviðurlögum var beitt]	[fjárhæð fésekta ⁽²⁾]
Heildartala fyrir refsiviðurlög	[heildarfjöldi tilvika þar sem refsiviðurlögum var beitt ⁽³⁾]	[heildarfjárhæð fésekta ⁽²⁾ ⁽³⁾]
<p>(2) Tilgreina skal fjárhæðir í evrum eða gjaldmiðli ríkis. Taki viðkomandi refsiviðurlög ekki aðeins til brota sem varða viðkomandi grein tilskipunar 2014/65/ESB eða reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, heldur einnig annarra ákvæða, skal bæta við „SAMANLÖGÐ TALA“ við hverja fjárhæð.</p> <p>(3) Vegna þess að refsiviðurlög sem beitt er geta grundvallast á fleiri en einu lagaákvæði er mögulegt að samtala hinna mismunandi lína (fjöldi tilvika þar sem refsiviðurlögum var beitt/fjárhæð) samsvari ekki heildarfjölda tilvika þar sem refsiviðurlögum var beitt eða heildarfjárhæð fésekta.</p>		
<p>Virðingarfyllst,</p> <p>[undirskrift]</p>		